

Mái 2005

## TÆMING ROTPRÓA

### AF HVERJU

Það er algengur misskilningur að rotþrær þurfi aldrei að tæma. Ef rotþró er ekki tæmd reglulega safnast fyrir í henni föst efni, botnfall og flotlag (seyra), sem ekki rotna. Þessi seyra truflar virkni þróarinnar og gerir hana að lokum gagnslausa. Gera þarf ráð fyrir að í rotþróna safnist 100–200 lítrar af seyru á hvern einstakling á ári. Þannig skerðist það rúmmál rotþróar sem nýtist til að brjóta niður örverur.

Virkni rotþróa byggist á því að örverur fjölgi sér og brjóti niður lífræn efni í skólpinu. Til þess þarf ákveðin lágmarksvirkni að vera í þrónni en hún er háð hitastigi. Afrennslisvatn frá rotþrónni er þó mjög mengað og er því nauðsynlegt að leiða það í gegnum siturlögn.

Virkni örvera í rotþró er oft lítil og niðurbrot lífrænna efna hægt. Þess vegna safnast mikið af seyru í rotþróna og þarf að tæma rotþrær oftár hér en þar sem loftslag er hlýrra. Mælt er með að rotþró sé tæmd á tveggja til þriggja ára fresti. Víða um land hafa sveitarfélög ákveðið hvernig tæmingum rotþróa skal háttað, ásamt tíðni tæminga og skólpjöld miðuð við það.

Stundum kemur það fyrir að rotþró fyllist eða siturlögn stíflast. Þá getur skólp farið að flæða út í jarðvegin og jafnvel myndað polla á yfirborði. Nauðsynlegt er að bregðast strax við slíku, enda er afrennslisvatn úr rotþró mengað af bakteríum og vírusum og því hættulegt mönnum og dýrum.

### Þú getur hlíft umhverfinu og komið í veg fyrir sóðaskap og jafnvel smit með því að:

- Fá ráðleggingar frá fagaðila um frágang rotþróar og siturlagnar.
- Skola ekki vatni, efnum og sorpi í salerni og vaska að óþörfu.
- Fá fagaðila til að kanna ástand rotþróar og siturlagnar.

Frekari leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir ásamt öðrum upplýsingum um fráveitur og skólp má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is).

### HVER TÆMIR?

Einungis þeir aðilar sem hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd til meðhöndlunar seyru eiga að sjá um tæmingu rotþróa. Þjónustuaðili skal nota sérútbúinn bíl til að tæma rotþró. Best er að skilja skólpvatnið frá seyrunni og láta skólpvatnið leka aftur í þróna. Þannig er niðurbrotsvirkni rotþróarinnar tryggð. Ef skólpvatn er flutt í burtu með seyrunni er rétt að skilja eftir dálítið af seyru í fyrsta hólfi rotþróar þegar tæmt er og fylla svo þróna með vatni. Þá fer niðurbrot fljótar í gang aftur. Þjónustuaðilinn sér um að koma seyrunni á viðurkenndan förgunarstað.



### ALGENGAR SPURNINGAR:

*Hví þarf ég að greiða fyrir tæmingu á rotþrónni minni?*

- Sveitarstjórnnum er skylt að sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþró í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er sveitarstjórnnum heimilt að setja samþykktir og gjaldskrár um meðferð úrgangs og skólps.

*Ég er ekki með rotþró, hví þarf ég að greiða gjald?*

- Samkvæmt reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp skulu íbúðarhús, frístundahús og atvinnuhúsnæði í dreifbýli hafa rotþró og siturlögn.

*Mína rotþró hefur aldrei þurft að tæma af hverju þarf að gera það núna?*

- Rotþrær sem ekki eru tæmdar missa tilætlaða hreinsivirkni eftir nokkurn tíma og eru þá ekki í samræmi við ofangreind lög og reglur.

*Af hverju þarf ég að greiða fyrir tæmingu þegar skólpvatninu er skilað aftur í þróna?*

- Tæming rotþróar felst í tæmingu á föstum efnum úr þrónni. Gerlar í skólpvatninu eru nauðsynlegir til að brjóta niður föst efni, með því að skilja skólpvatn eftir í þrónni er áframhaldandi virkni rotþróarinnar tryggð.



Frekari upplýsingar um rotþrær er að finna í ritinu: „Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir“ hjá Umhverfisstofnun eða á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is) og hjá heilbrigðisfulltrúum um land allt.

## HAGNÝT ATRIÐI VARÐANDI REKSTUR ROTÞRÓA OG SITURLAGNA

Það er hlutfallslega ódýrara að fjárfesta í stórra rotþró með fleiri húseigendum og deila stofnkostnaði og rotþróargjaldi, en að hver húseigandi kaupi rotþró fyrir sig. Tæmingar- og viðhaldskostnaður deilist þá einnig á alla aðila.

Í sumum sveitarfélögum er mögulegt að fá afslátt á rotþróargjaldi, þar sem fleiri en einn aðili tengist rotþró. Best er að leita til viðkomandi sveitarstjórnar varðandi hugsanlega skiptingu gjalds á milli aðila.

Mörg sveitarfélög hafa sett sér reglur um stuðning við niðursetningu og frágang rotþróa og siturlagna.

Þegar veita skal fráveituvatni um rotþró frá húsum þarf yfirleitt að sækja um það til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins og leita ber samþykkis heilbrigðisnefndar. Byggingarfulltrúi getur óskað eftir lagnateikningum fyrir rotþrær. Staðsetning og gerð rotþróar á að koma fram á teikningu eins og önnur mannvirki. Lagnateikningar þurfa að vera undirritaðar af pípuþingameistara þeim sem á að vinna verkið.

Mikilvægt er að huga að aðgengi að rotþró, þar sem flest sveitarfélög krefjast herra rotþróargjalds eða aukagjalds ef erfitt er um vik að koma bíl að til tæmingar.

## GÁTLISTI VIÐ TÆMINGU ROTÞRÓA

### Muna að...

- 1) Leggja tæmingarbil hæfilega fjarri rotþrónni, þar sem ekki er víst að hún þoli þunga farartækisins.
- 2) Hugsa að því hvort óþefur frá rotþró valdi nágrönnum óþægindum við tæmingu.
- 3) Ef yfirborðsskán er þykk og hörð þarf að brjóta hana upp.
- 4) Dæla yfirborðsskán, skólþvatni og botnseyru úr öllum hólfum rotþróarinnar.
- 5) Við tæmingu er best að skilja eftir örlítið (2-3 fötur) af botnseyru í rotþrónni og fylla þróna af vatni eða að dæla skólþvatninu aftur í þróna.
- 6) Loka hólfum rotþróar vel og ganga frá jarðvegi í kring, ef við á.
- 7) Seyru skal fargað förgunarstað sem er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.
- 8) Ekki hreinsa rotþrær með hreinsiefnum, öll notkun slíkra efna munu spilla virkni hennar.
- 9) Bæði fyrir og eftir tæmingu þarf þjónustuaðili að líta gagnrýnum augum á bæði rotþróna og siturlögnina og skrá hjá sér og láta eiganda vita:
  - Ef óeðlilega lítið er af yfirborðsskán eða botnseyru.
  - Ef óæskilegt yfirborðsvatn er á yfirborði við rotþróna eða siturlögnina.
  - Ef vatn rennur frá siturlögninni inn í rotþróna.
  - Ef rotþró er of lítil eða skemmd.